



Ölfus hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA

Sveitarfélagið Ölfus er eitt þeirra fimm sveitarfélaga sem hlotið hafa viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiafls-verkefni FKA.

Jafnvægisvugin, hreyfiafls-verkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA), hélt fyrir skömmu ráðstefnuna *Jafnrétti er ákvörðun*. Þar kynnti Eliza Reid viðurkenningarhafa Jafnvægisvogarinnar, en það eru þeir þátttakendur sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar. Á ráðstefnu Jafnvægisvogarinnar árið 2019 hlutu 5 sveitarfélög sérstaka viðurkenningu og var Sveitarfélagið Ölfus eitt þeirra.

Ellíði Vignisson bæjarstjóri segir að sem betur fer sé flestum ljóst hversu mikill ábati fylgi því að vinna stöðugt að jafnréttismálum. „Þessi viðurkenning er okkur kærkomin og við sjáum hana til marks um að við séum að horfa í rétta átt hvað þetta varðar. Í viðbót við almenna stefnu svo sem í jafnréttisáætlun réðumst við í að innleiða jafnlaunastaðal ÍST85. Þeirri grunnvinnu lauk í vor með því að við fengum faggilta vottun á jafnlaunastaðlinum. Þar með höfum við komið okkur upp virku eftirliti og ferlum sem tryggja að málsmeðferð og ákvarðanataka í launamálum feli ekki í sér

beina né óbeina kynbundna mismunun.“

Ellíði segir að þessi mál komi öllum við og snúist ekki eingöngu um jafnan rétt kynjanna þótt sannarlega sé sá þáttur mikilvægur. „Sveitarfélagið er einn stærsti vinnustaður samfélags okkar. Það er sjálfsagt og eðlilegt að launaákvörðanir séu gagnsæjar og að tryggt sé að ákvörðanir fylgi kjarasamningum og feli ekki í sér óútskýrðan launamun. Við viljum að allir sitji við sama borð, óháð kyni eða öðrum persónubundnum þáttum. Viðurkenning Jafnvægisvogar FKA er vísbinding um að við séum að róa í rétta átt.“

Brunavarnir Árnessýslu festa kaup á nýjum stigabíl

Brunavarnir Árnessýslu og franski stigabílaframleiðandinn Echelles Riffaud hafa gert með sér samkomulag um kaup á stigabíl. Bíllinn sjálfur verður sex hjóla Scania. Stigabúnaðurinn sem Echelles Riffaud setur á bílinn er alls 33 metrar að lengd. Stiginn er jafnframt með svokölluðum fingri og mannkörfu fyrir fjóra einstaklinga. Þá er stiginn búinn fjarstýrðum slökkvistút, hitamyndavél, festingu fyrir sjúkrabörur, rafstöð og annan aukabúnað.

Afhendingin innan árs
Í tilkynningu frá B.A kemur fram að bíllinn verði tilbúinn til afhendingar innan árs. Þá verður leystur af hólmi Benz körfubíll sem staðið hefur vaktina undanfarin 40 ár og þykir, þrátt fyrir gott viðhald, vera kominn til ára sinna. „Við teljum ekki nokkurn vafa á því að með tilkomu þessa tækis verði öryggi íbúa Árnessýslu og slökkviliðsmanna Brunavarna Árnessýslu, aukið til muna auk þess sem skilvirkni slökkvistarfa verður enn meiri þegar á reynir.



Á meðfylgjandi mynd má sjá samskonar stigabíl hjá slökkviliðinu í Östre Toten í Noregi.

2



Bollaleggingar um Landsbanka-húsið á Selfossi

6



Íslenskar sauðamjólkurvörur til sölu á Selfossi

Brrr...

Það er farið að kólna!

Nú er rétti tíminn til að yfirfara og stilla hitakerfi og snjóbræðslur fyrir veturinn.



PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI

Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

JÓLASAGA DAGSKRÁRINNAR OG BÓKAKAFFISINS



Fjölmargar jólasögur bárust Dagskránni í fyrra. Nú á að endurtaka leikinn. Sagan þarf að vera örsaga, 500 – 1000 orð og umfjöllunarefnið þarf með einhverjum hætti að tengjast jólinum. Allir aldurshópar eru velkomnir til þess að taka þátt. Verðlaunin eru **vegleg bókaþjóf** frá Bókakaffinu og sagan verður birt í jólablaði Dagskrárinnar.

Sendu okkur söguna, ásamt nafni og síma, á dfs@dfs.is, merkt „Jólasagan mín“, og þú ert komin(n) í pottinn!

Senda þarf söguna inn fyrir miðvikudaginn 2. desember 2020.



Hvað verður í Landsbankahúsinu á Selfossi?

Í umræðunni hefur verið möguleg sala á húsi Landsbankans á Selfossi. Húsið þykir hin mesta bæjarþrýði, var teiknað og hannað af Guðjóni Samúelsyni og Bárði Ísleifssyni. Þá var það Kristinn Vigfússon, staðarsmiður á Selfossi sem byggði húsið. Byggingin hófst 1949 en bankinn var tekinn í gagnið árið 1953. Húsinu fylgir stór lóð. Þá er húsið friðað að hluta. Talsverð saga fylgir húsinu sem ekki verður tíunduð hér.

Hver á að eiga húsið?

Sitt sýnist hverjum um hvað skal vera í húsinu, hvort sveitarfélagið eigi að kaupa húsið eða það eigi að vera á höndum einkaaðila. Einhver bendir á að útsvarið sé nógu hátt þó ekki bætist við enn ein fasteignin í safn sveitarfélagsins sem þarf viðhald. Mun skynsamlegra sé að láta einkaaðila um að kaupa húsið, þeir hljóti þá jafnframt að vera búnir að mynda sér skoðun á því hvað þar ætti að vera. Það eru þó skiptar skoðanir á þessu



og ljóst að margir vilja að húsið verði eign sveitarfélagsins.

Hvað á það að hýsa?

Ýmsir nefna að í húsinu ætti að vera safn. Einhverjir vilja bókasafnið þangað inn, þá bendir einn á það að húsið ætti að hýsa yfirgripsmikið safn um verk Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins. Þá er nefnt að húsið ætti að vera menningarhús, vinnustofur, kaffihús og listasafn. Þá benda einhverjir á Héraðsskjalasafn Árnesinga og þær húsnæðisþrengingar sem eru á því. Mikil umræða fór fram um að flytja

ráðhús Árborgar ásamt bókasafninu í húsnæðið og selja núverandi húsnæði sveitarfélagsins.

Bollaleggingarnar halda áfram enn um sinn

Hvað svo sem verður er ljóst að húsið er ekki á förum eða verður flutt. Það mun standa þarna um ókomna tíð. Hvort sem starfsemin verður safn, stjórnsýsluhúsnæði, kaffihús eða veitingastaður skal ósagt látið. Það er alltént hægt að láta sig dreyma um spennandi starfsemi í húsinu bæjarbúum og gestum til heilla.

-gpp

Hrós vikunnar

Sigríður K. Viðarsdóttir er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Sigríður K. Viðarsdóttir

Ég ætla að hrósa systkinunum og mökum þeirra í Efstadal II, ferðaþjónustufyrirtækinu, sem eins og flest önnur ferðaþjónustufyrirtæki hafa þurft að þreyna þórrann í nánast ferðamannalausum landi í tæpt ár. Með miklu æðruleysi hafa systkinin þó haldið fyrirtækinu gangandi á þessum erfiðu tímum, með því að vera hugmyndarík og finna upp á hinum ýmsu nýjungum.

Sigríður K. Viðarsdóttir

Ég ætla að skora á Árna Benónýsson og Guðrúnu Karitas Snæbjörnsdóttur að koma með hrós vikunnar í næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Sigríður, þú sendir okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Evrópudagur sjúkraliða – Suðurlandsdeild SLFI 40 ára

26. nóvember höldum við hátíðlegan Evrópudag EPN – The European Council of Practical Nurses – Evrópusamtök sjúkraliða sem Sjúkraliðafélag Íslands er aðili að. Evrópudagurinn hefur það markmið að vekja athygli á störfum sjúkraliða. Þeir eru næst stærsta heilbrigðisstéttin og gegna lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustunni. Sinna þeir nærhjúkrun þar sem menntun og fagleg færni nýtist, láta sig varða líðan annarra og hafa hjartað á réttum stað. Starfið er skemmtilegt, gefandi en líka oft erfið eins og Covid-19 faraldurinn hefur sýnt. Sjúkraliðar starfa á öllum heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, í heimahjúkrun, á forvarna- og endurhæfingarsstofnunum, skólum, lækna- og rannsóknastofnum. Þeir hafa breiða og góða starfsmenntun sem nýtist við almenna og sérhæfða umönnun sjúklinga á öllum þessum stöðum og víðar.



Nú hyllir undir að sérnám sjúkraliða fari á fagháskólastig og geri sjúkraliða hæfari og skapar ný sóknarfæri.

Í ár á Suðurlandsdeild SLFI 40 ára afmæli. Það var þann 5. maí 1980 sem 16 sjúkraliðar komu saman í Tryggvaskála og stofnuðu deildina sem hét þá Árnessýsludeild SLFI. Fyrsti formaður hennar var Bryn-

dís Tryggvadóttir. Nafninu var breytt árið 1984 í Suðurlandsdeild SLFI. Í dag er starfssvæðið frá Þorlákshöfn til Hafnar í Hornafirði. Sjúkraliðar vinna á fjölmörgum vinnustöðum á svæðinu. Árið 1991 varð SLFI stéttarfélag og semur um sín málefni, kaup og kjör. Á landinu öllu hafa 3.000 sjúkraliðar starfsréttindi og starfa um 2.100 sem slíkir. Í Suðurlandsdeild eru um 140 starfandi.

Á afmælisárinu stóð til að gera fjölmargt til að minnast þessara tímamóta. Heimsfaraldur Covid-19 hefur sett strik í þær áætlanir. Framlínustétt eins og sjúkraliðar forðast að koma saman enda megum við ekki við því að þeir smitist og geti ekki sinnt sínum störfum.

Til hamingju allir sjúkraliðar með Evrópudaginn 26. nóvember.

Helga Sigríður Sveinsdóttir
Formaður
Suðurlandsdeildar SLFI

BLACK FRIDAY

KÓSYSTEMNING FIMMTUDAGSKVÖLD OPIÐ TIL KL. 21

20% afsláttur af öllum vörum miðvikudag til mánudags

Opið laugardag kl. 10-16 og sunnudag kl. 12-16

Afslátturinn gildir einnig í netverslun okkar tiskuverslun.is
Afsláttarkóðinn er afsl20.

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Þorpspraut í Hveragerði lukkaðist vel

Menningar-, íþrótt- og frístundanefnd Hveragerðis-bæjar stóð fyrir svokölluðu Town quiz sem gæti útlagst á íslensku sem þorpspraut. Um 70 manns tóku þátt í spurningaleiknum og

enn fleiri skráðu sig inn til að fylgjast með leiknum. Það var Heimir Eyvindarson sem hélt uppi stuðinu fyrir þátttakendur. Heimir var lofaður í bak og fyrir á íbúasíðum bæjarins fyrir vasklega framgöngu.

Að sjálfsögðu voru vinningar í boði fyrir þrjú efstu sætin. Í fyrsta sæti var Bjarnís Helga Blöndal, í öðru sæti var Jónína Njarðardóttir og í því þriðja var Bjarni Rúnar Lárusson. Þeirra bíða gjafabréf frá

fyrirtækjum í Hveragerði.

Vegna góðrar þátttöku og mikils áhuga stendur til að setja annan leik í loftið fyrir jól. Þar verður tækifæri fyrir enn fleiri að taka þátt og vinna sér inn veglega vinninga.



Halla Rós Arnardóttir, formaður Kvenfélags Laugdæla, og Niels Bjarki Finsen, formaður Lionsklúbbs Laugardals, standa aftan við bekkinn í kirkjugarðinum í Miðdal. Stíjandi er Lilja Dóra Óskarsdóttir, formaður sóknarnefndar.

Bekkir afhentir í Miðdal og á Laugarvatni

Lionsklúbbur Laugardals og Kvenfélag Laugdæla afhentu á dögunum nýja og veglega bekkir í kirkjugarðinn í Miðdal og einnig í grafreitinn á Laugarvatni. Bekkir þessir munu nýtast vel þeim sem vilja vitja ástvína sinna í gördunum en þeir eru veglegir og sterkir og munu verða þarna árið um kring. Svo undarlegt sem það er þá hafa ekki verið bekkir í þessum grafreitum áður, einhvern veginn aldrei komist í verk þó þörfin hafi verið fyrir hendi. Það er því fagnaðarefni að þeir skuli nú vera komnir á staðina sína. Formleg afhending átti sér stað um helgina, en þá kom Lilja Dóra Óskarsdóttir og tók við þeim fyrir hönd sóknarnefndar hjá formönnum félaganna, þeim Niels Bjarka Finsen formanni Lionsklúbbsins og Höllu Rós Arnardóttur formanns kvenfélagsins.

Starfsemi þessara ágætu félagasamtaka í Laugardalnum hefur verið með afar breyttu sniði eins og hjá flestum slíkum á landinu þessa dagana. Lionsmenn hafa hist á Teams-fundum og þar er helst að frétta að teknir voru inn 3 nýir félagar á síðasta

fundi og vitað um fleiri sem hafa áhuga á inngöngu. Það er því tilhlökkunarefni að hittast aftur og geta allir setið við sama borð eða þannig.

Mörg undanfarin ár hafa þessi félög ásamt fleirum á Laugarvatni staðið fyrir jólamarkaði laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í adventu. Þar hefur verið mikið um að vera og helst að telja markaðinn sjálfan sem kvenfélagið sér um ásamt vöfllukaffi. Lionsmenn hafa svo skreytt og kveikt á jólatré í Bjarnalundi og síðan selt flotkerti sem hefur svo verið fleytt á vökinni sem ávallt er út frá Vígðulauginni. Fontana hefur boðið upp á kakó og þetta hefur heilt yfir verið ómissandi þáttur í aðdraganda jóla hér. En nú er hún Snorrabúð stekkur og ekkert verður af neinu þennan veturinn. Þar að auki hafa Lionsmenn ákveðið að vera ekki með Þorláksmessuskötu eins og nokkur undanfarin ár. Við tökum ábyrga afstöðu hér í baráttunni við Covid19 og vonum að það verði til þess að allt verði með eðlilegum hætti að ári.

Pálmi Hilmarsson, ritari Lionsklúbbs Laugardals.

ROYAL CANIN

GLAÐNINGUR FRÁ ROYAL CANIN FYLGIR MEÐ KAUPUM Á GÆLUDÝRAVÖRUM YFIR 5.000 KR.

FÓÐURBLANDAN

15% 20% 15%

GÆLUDÝRAVÖRUR OG FÓÐUR

allt að 60% AFSLÁTTUR af völdum vörum

15%

ULLARFATNAÐUR

15%

HESTAVÖRUR

15%

KULDAGALLAR

SVARTIR DAGAR

27. NÓVEMBER - 4. DESEMBER

15%

JAKKAR

60%

SARACEN HESTAMÚSLÍ*

*Stuttur stimpill

15%

HANSKAR, HÚFUR OG SOKKAR

15%

STÍGVÉL

15%

VINNUFATNAÐUR

HÚFA FYLGIR FRÍTT MEÐ PÖNTUNUM Í VEFVERSLUN Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. FRÍ SENDING Á PÖNTUNUM YFIR 30.000 KR.

Sjá sendingarskiptmála í vefverslun.

FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64a
570 9840

FB Hvalsóllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM ALLT LAND

Samstarfsamningur um Skaftárstofu



Nýbúið er að endurnýja samstarfsamning milli Skaftárhrepps, Vatnajökulsþjóðgarðs, Kirkjubæjarstofu og Kötlu jarðvangs um rekstur Skaftárstofu. Slíkur samningur hefur verið í gildi frá árinu 2014 en upphaflega voru Friður og frumkraftar og Skaftáreldar einnig aðilar að samningnum. Samstarfinu er þannig háttað, í stuttu máli, að Skaftárhreppur leggur til húsnæði fyrir upplýsingamiðstöðina og greiðir af því fastan rekstrarkostnað s.s. rafmagn og hita. Vatnajökulsþjóðgarður leggur til starfsfólk, upplýsinga- og fræðslufni og lausar innréttir. Kirkjubæjarstofa veitir ráðgjöf og aðstoð við skipulagningu og rekstur og fræðslufni um sögu og náttúru svæðisins. og Katla jarðvangur leggur fram upplýsingar um jarðvanginn. Rekstur upplýsingamiðstöðvar er samfélaginu afar mikilvægur, einkum ferðapjón-

ustuaðilunum og þetta samstarf því öllum til hagsbóta. Upplýsingagjöfin kemur þó ekki í veg fyrir aðra nýtingu á húsinu enda hafa þar, á undanförnum árum, átt sér stað íbúafundir, árhátiðir grunnskólans, fata-markaðir, kökubasar, jólamarkaðir, leiksýningar, tónleikar, jólatrésskemmtanir og margt fleira. Slíkt krefst hins vegar skipulagningar, eins og segir í samningnum: „Reiknað er með að einstakir viðburðir geti átt sér stað í félagsheimilinu á opnunartíma Skaftárstofu, en slíka viðburði þarf að ræða og skipuleggja með góðum fyrirvara ... Skrifstofa Skaftárhrepps tekur við bókunum á húsinu – hefur samráð við yfirlandvörð Skaftárstofu í tölvupósti með cc á þjóðgarðsvörð og aðstoðarþjóðgarðsvörð. Húsið verður leigt út án litla salarins að öllu jöfnu. Sveitarfélagið ræður til starfa tilsjónar-/

umsjónarmann hússins sem sér um opnun og viðveru á meðan á viðburðum stendur. Félagsheimilið verði almennt ekki leigt út í júní-ágúst.“ Ástæðan fyrir því að reynt er að leigja litla salinn ekki út með húsinu, nema nauðsyn krefji, er til þess að hægt sé pakka söluvöru og upplýsingaefni Vatnajökulsþjóðgarðs niður á stuttum tíma. Yfir hásumarið er mesta álagið á Skaftárstofu og þá er félagsheimilið að öllu jöfnu ekki leigt út. Viðburðir sem tengjast samfélaginu eru þó alltaf velkomnir í húsið en krefjast tillitsemi allra aðila á álagstíma. Þessa mánuðina er vissulega lítið um mannfagnaði – en vonandi verðum við dugleg að hittast og gera okkur glaðan dag, í félagsheimilinu okkar, þegar aðstæður leyfa á nýjan leik og tekur skrifstofa Skaftárhrepps við bókunum eins og fram kemur í samningnum.

Kaup og sala greiðslumarks í sauðfé

Innlausnarmarkaður greiðslumarks í sauðfé og endurúthlutun þess til umsækjenda fór fram nú í nóvember. Framkvæmdin er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á sauðfjársamningi við endurskoðun hans sl. vetur og nýjar úthlutunarreglur sem tóku gildi með reglugerð 1253/2019. Í þeim felst m.a. að umsækjendum er skipt í þrjá hópa með tilliti til forgangs og að úthlutun tekur mið af því að hver framleiðandi getur ekki óskað eftir ærgildum umfram þau sem tryggja honum óskertar beingreiðslur í samræmi við fjárfjölda og ásetningshlutfall. Gild sölutilboð voru 16 talsins og er innleyst greiðslumark samtals 1.839 ærgildi. Óskir um

kaup voru 225 talsins og námu samtals 62.395 ærgildum. Í heildina er hlutfall til úthlutunar 2,95% af óskum um kaup. Hver framleiðandi í fyrsta forgangshópi fær alls 6,8% af kaupósk sinni úthlutað en framleiðandi í öðrum forgangshópi fær úthlutað 1,5% af kaupósk sinni. Ekkert var til úthlutunar

fyrir þriðja hópinn, þ.e. þá umsækjendur sem eru með færri en 100 kindur á haustskýrslu 2019 eða ásetningshlutfall lægra en 1. Niðurstaða úthlutunar er birt á heimasvæði hvers framleiðanda í afurd.is. Frestur kaupenda til að ganga frá greiðslu og staðfesta þar með kaupin er til 1. desember.





DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjórn: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Fagnandi mig finnur soltinn fjallarefur.
Fingur mig í flýti gefur.
Fitnað á mér púkinn hefur.

Svar við gátu í blaði 2573: **BYTTA.**
1. lína: Fyllibytta - 2. lína: Blekbytta
3. lína: Mjólkurbytta



Matgæðingur vikunnar er **Guðbergur Baldursson.**



Góðan daginn, Ég vil þakka Einari vini mínum fyrir áskorunina. Ég er það vel settur í heimili að betri helmingurinn er mun betri kokkur en ég. Síðan ef hún er ekki heima við þá stelst ég á efri hæðina til móður minnar og sníki þar mat. Svo ég hef nú ekki eytt mörgum klukkutímum fyrir framan eldavélina í gegnum árin. Það sem ég ætla að bjóða ykkur upp á, kæru lesendur, er rammíslenskur réttur og að sjálfsögðu er allt aðal hráefnið íslenskt.

Kjöt í karri
Vel feitar frampartssneiðar
Kartöflur
Salt og pipar
1 ltr. vatn
4-5 gulrætur
30 g smjör
Rjómi eftir smekk
3 tsk. karríduft
2-3 msk. hveiti

Síðan er bara að hefjast handa við að blanda, hræra og láta malla í pottunum.

Leiðbeiningar
Kjötið sett í pott. Köldu vatni hellt yfir og hitað að suðu. Froðu fleytt ofan af, pipar og salti bætt í pottinn og látið malla við fremur hægna hita í um 25 mínútur. Gulræturnar hreinsaðar, skornar í bita og settar út í. Látið malla í um 25 mínútur í viðbót. Þá er kjötið og gulræturnar tekið upp úr og haldið heitu. Smjörið brætt í öðrum potti. Karríduftinu stráð yfir, hrært og látið krauma í

Ég sendi boltann yfir á stórvinkonu mína Örnu Dögg Arnþórsdóttur á Teigi að vera næstu matgæðingur vikunnar.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Góður frágangur í upphreinsun skurða

Ánægður vegfarandi hafði sambandi við blaðið og vildi koma á framfæri hrósi fyrir góðan frágang. „Ég hef aldrei séð jafn góðan frágang eftir upphreinsun skurða hér undir Eyjafjöllum.“ Það er verktakinn Eyfell ehf. sem vann verkið fyrir Vega-gerðina eftir því sem blaðið kemst næst. Það var Gunnar Sveinbjörnsson, Syðri-Hóli sem benti á þetta vel unna verk. Lesendur eru hvattir til að senda jákvæðar fréttir eða ábendingar úr nærumhverfi sínu.

-gpp



BYKO

Þú mátt
ekki missa
af þessu!

SVARTUR FÖSTUDAGUR

frá þriðjudegi til mánudags!

Þú getur séð öll tilboð á byko.is
og facebook síðunni okkar

VERTU MEÐ!

BYKO Selfossi auglýsir eftir sölumanni í ljósa- og rafmagnsdeild

BYKO Selfossi auglýsir eftir sölumanni í ljósa- og rafmagnsdeild. Við leitum að öflugum, hressum og duglegum starfsmanni til að vinna með þeim frábæra hópi fólks sem vinnur nú þegar í BYKO Selfossi.

Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf til viðskiptavina á ljósum, ljósaperum og raflagnaefni.

Umsækjandi þarf að hafa ríka þjónustulund og góða hæfni í mannlegum samskiptum. Nauðsynlegt er að hafa brennandi áhuga á hönnun og lýsingu. Góð þekking og skilningur á rafmagni og raflagnaefni er kostur. Viðkomandi verður að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni ásamt því að búa yfir stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.

Sótt er um á byko.is

Umsóknarfrestur er til 4. desember 2020.



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



HVERAGERÐISBÆR

Lýsing á tillögu að breytingu á aðalskipulagi og nýrri deiliskipulagsáætlun fyrir íbúðabyggð NLFÍ við Þelamörk

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 12. nóvember sl. var samþykkt að kynna fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi og að nýju deiliskipulagi íbúðabyggðar við Þelamörk í Hveragerði sbr. 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin nær til 12,0 ha. svæðis, sem Náttúrulækningafélag Íslands hefur til umráða. Á svæðinu eru skv. aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029, tveir landnotkunarreitir, annar fyrir samfélagsþjónustu (S8) og hinn fyrir verslun og þjónustu (Vþ6). Breytingartillagan felur það í sér að innan reits Vþ6 verður til nýr 2,3 ha landnotkunarreitir fyrir íbúðarbyggð og að sá hluti Vþ6 reitsins, sem eftir stendur, rennur saman við S8 reitinn og mynda þeir þannig nýjan 9,7 ha reit fyrir samfélagsþjónustu með heimild fyrir verslun og þjónustu að hluta til.

Í tillögu að nýju deiliskipulagi, sem mun ná til 2,3 ha svæðis á milli Lækjarbrúnar og Hólmabrunar, verður gert ráð fyrir lágreistri 2ja hæða fjölbýlishúsabyggð með u.þ.b. 100 íbúðum fyrir fólk 55 ára og eldri, sem munu njóta aðgangs að þjónustu Heilsustofnunar.

Meginmarkmið ofangreindrar aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags er að skapa grundvöll til frekari uppbyggingar á starfsemi NLFÍ og þjónustu tengdri henni og þéttingu íbúðarbyggðar.

Deiliskipulagslýsingin, sem gerð er skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar.

Þeir sem vilja koma á framfæri athugasemdum, ábendingum eða tillögum, sem nýta má við deiliskipulagsgerðina, skulu senda þær til skipulagsfulltrúans í Hveragerði á heimilisfangið Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Íslenskar sauðamjólkurvörur til sölu á Selfossi

Konfekt með kara-mellufyllingu úr sauðamjólki er meðal þeirra vara sem eru til sölu í Matarbúri verslunar Krónunnar á Selfossi, en þar er að finna matvæli frá smáframleiðendum. Konfektíð kemur frá Sauðagulli sem er eina íslenska fyrirtækið með vörur úr sauðamjólki á markaði.

„Þegar ég fluttist til Íslands árið 2016 sá ég fullt af kindum en mér til mikillar undrunar voru engar afurðir til úr sauðamjólki,“ segir Ann-Marie Schlutz, stofnandi Sauðagulls.

Það var haustið 2018 sem Ann-Marie byrjaði að mjólka kindur á búi tengdafjölskyldu sinnar að Egilsstöðum í Fljótsdalshreppi. „Ég fékk að kynnst því að hagar sauðfjárbænda hendlis er ekki góður. Með framtaki mínu vil ég veita íslenskum sauðfjárbændum innblástur um leið og ég vonast til að efla íslenskar sveitir,“ segir hún.

Fyrstu vörurnar komu síðan



á markað fyrir ári, annars vegar ostur gerður eftir fetauppskrift, hins vegar konfektíð. Vörurnar voru aðeins seldar austur á Héraði í fyrstu en fengu frábærar viðtökur þannig að þær seldust upp. Að þessu sinni er fyrirtækið að taka sín fyrstu skref með að prófa að selja vörur sínar utan heimahaganna.

Verslun Krónunnar á Selfossi er sem stendur önnur tveggja verslana þar sem konfektíð er til sölu í Matarbúrinu, sérstöku svæði þar sem finna má vörur frá

framleiðendum innan vébanda Samtaka smáframleiðenda.

„Það er nauðsynlegt fyrir smáframleiðendur að hafa með sér samtök til að nýta samtakamáttinn og það er frábært að Krónan hafi verið tilbúin að taka inn vörurnar okkar. Mér finnst líka sérstaklega gaman að konfektíð mitt sé til sölu á Selfossi því ég á góða vinkonu þaðan sem hefur hjálpað mér mikið í þróunarferlinu,“ segir Ann-Marie að lokum.



Opnað fyrir umsóknir á sérstökum íþrótt- og tómstundastyrk vegna áhrifa af Covid-19

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á sérstökum íþrótt- og tómstundastyrkjum fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Styrkirnir koma til viðbótar hefðbundnum íþrótt- og tómstundastyrkjum sveitarfélaga. Alls verður um 900 milljónum króna varið í verkefnið árin 2020 og 2021 en Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, kynnti aðgerðina í vor og er hún hluti af aðgerðapakka sem ætlað er að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á afkomu efnaminni heimila í landinu. Í framhaldinu verður ráðist í vitundavakningu í samstarfi við menntamálaráðuneytið, sveitarfélög, Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

Hægt er að sækja um styrk fyrir börn sem fædd eru á árunum 2005-2014 og búa á heimili þar sem heildartekjur heimilisins voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars – júlí 2020. Styrkurinn er 45.000 kr. á hvert barn og um 13.000 börn eiga rétt á styrknum. Sveitarfélögin annast afgreiðslu styrkumsókna eftir að búið er að kanna rétt til styrksins inni á Ísland.is.

Styrkina er hægt er að nota til niðurgreiðslu á þátttökugjöldum

vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms eða annarra tómstunda. Sveitarfélög setja reglur um úthlutun styrkjanna en fyrirkomulag getur verið breytilegt á milli sveitarfélaga til dæmis varðandi hvaða íþrótt- og tómstundastarf er styrkhæft, hvaða gögnum beri að skila með umsókn og afgreiðslutími umsókna.


Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er að halda börnum virkum í íþrótt- og frístundastarfi og tryggja jafnt aðgengi barna og unglunga að slíku starfi. Lögð hefur verið áhersla á að ná til sem flestra forráðamanna og hefur því verið komið af stað kynningarátaki á fjölda tungumála um íþrótt- og tómstundastyrkina. Útbúin hafa verið 11 myndbönd til þess að vekja athygli á styrknum.

„Covid-19 faraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á allt íþrótt- og tómstundastarf í landinu. Þegar þrengir að fjárhag fjölskyldna er mikil hætta á að þær dragi úr þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi og það á sérstaklega við um fjölskyldur í neðri hluta tekjudreifingarinnar. Rannsóknir sýna að íþróttir og frístundir hafa forvarnagildi og því er gríðarlega mikilvægt að við gerum allt sem við getum til að koma í veg fyrir brottfall hjá krökkum í íþróttum og tómstundum vegna faraldursins,“ segir Ásmundur Einar Daðason.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



*samkvæmt Gallup-könnun októ. – nóv. 2018

Landsbyggðirnar kalla

Sjö landshlutasamtök á Íslandi hafa tekið sig saman um að bjóða stjórnendum í ferðapjónustu og tengdum greinum þátttöku í nýrri útgáfu af Ratsjaini, samtengdu verkefni sem hefst í upphafi árs 2021.

Ratsjain er ákveðið verkfæri ætlað stjórnendum í ferðapjónustu og tengdum greinum sem vilja auka nýsköpunarhæfni sína, hraða mikilvægum breytingaferlum og öðlast aukna yfirsýn og getu til að þróa vörur og þjónustu. Íslenski ferðaklasinn leiðir verkefnið í samstarfi við RATA og tengiliði frá landshlutasamtökum sveitarfélaga á Austurlandi, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Vesturlandi, Reykjanesi og Suðurlandi.

Ljóst er að fyrirtæki í virðisæðju ferðapjónustunnar eru í miklum ólgusjó sem ekki sér fyrir endann á. Á næstu mánuðum er lykilatriði að halda fast um taumana, nýta sér þau úrræði sem í boði eru af hendi stjórnvalda ásamt því að nýta tímann til að efla nýsköpun, vörubrúun og stafræna ferla fyrirtækisins.

Ratsjain mun snerta á helstu áskorunum sem fyrirtækjaeigendur standa frammi fyrir í dag en endanleg dagskrá mun verða unnin í samstarfi við þátttakendur sem geta haft áhrif á þá efnispætti sem teknir

verða fyrir. Meðal efnispáttá sem verða í boði eru: nýsköpun og vörubrúun, markaðsmál og markhópar, sjálfbærni og ábyrg ferðapjónusta, stafræn þróun og tæknibylting fyrirtækja, breyttir tímar og tækifærin - kaupákvörðunarhringurinn, draumur stofnenda - tilgangur og markmiðasetning, heimasíður - hvernig skarar síðan mín fram úr?, jákvæð sálfræði, breytingastjórnun, endurhugsaðu viðskiptamódelið, skapandi hugsun sem verkfæri til framfara, samkeppnishæfni og sérstöðugreining, svo dæmi séu tekin.

Ratsjain mun hefjast með formlegum hætti í janúar 2021 og standa yfir í 16 vikur eða til 16. apríl. Umsóknarfrestur er til 1. desember 2020 og er umsóknareyðublað aðgengilegt á heimasíðu Íslenska ferðaklasans. Þátttakendur frá öllum landshlutum munu hittast á tveggja vikna fresti á sameiginlegum vinnustofum á netinu þar sem kafað verður

í kjarna þeirra verkfæra sem fyrir valinu verða. Á milli sameiginlegra vinnustofa verður haldinn svæðisbundinn heimafundur í umsjón landshlutanna sjálfra. Þar verður farið nánar yfir efnistök frá sameiginlegum fundi og unnið með sérstöðu hvers svæðis fyrir sig á þeirra forsendum.

Ratsjain var fyrst keyrð í samstarfi Ferðaklasans og Nýsköpunarmiðstöðvar árið 2016 en með stuðningi frá Byggaáætlun frá 2019 og nú með stuðningi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í ljósi breyttra tíma mun Ratsjain 2021 miða að því að vera svæðisbundin en samtengd í senn og er því töluvert frábrugðin hefðbundna verkefninu. Það sem þó tengir þau saman fyrir utan nafnið sjálft er hugmyndafræðin að baki en það allra mikilvægasta er að þátttakendur kynnist hver öðrum, geti miðlað þekkingu og reynslu sín á milli og myndi með sér samstarf og tengslanet sem þau búa að löngu eftir að verkefninu lýkur.



Úr dagbók lögreglunnar

Það er í nógu að snúast hjá Lögreglunni á Suðurlandi, en alls voru 29 ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur sl. viku. Sá sem hraðast ók mældist á 155 km/klst. á Mýrdalssandi. Sá situr uppi með 210 þús. króna sekt, sviptingu ökuréttar í einn mánuð ásamt þriggja punkta í ökuferilsskrá.

Það var fleirum sem lá á, en ökumaður á leið í skýrslutöku til lögreglunnar var stöðvaður á 140 km/klst. á Suðurlandsvegi í vestanverðu umdæminu. Ökumaðurinn káraði sín mál við lögreglumenn á vettvangi og mætti tímanlega í skýrslutöku eða um 10 mínútum fyrir boðaðan tíma til skýrslugjafarinnar.

Stór ökutæki tekin til skoðunar

14 stór ökutæki voru stöðvuð og tekin til vegskoðunar, þar af ein hópbifreið. Allar voru athugasemdalaugar utan eina þar sem gerð var athugasemd við aurhlífar og afturljós vörubifreiðar.

Undir áhrifum og annar próflaus

Að lokum var ökumaður stöðvaður við útsýnispall í Eldhrauni. Sá reyndist undir áhrifum kannabis. Honum var gert að hætta akstri og mál hans fá venjubundna meðferð innan Lögreglunnar. Annar var svo gómaður á svipuðum slóðum próflaus vegna fyrri brota. Hann þurfti að greiða úr sínum málum og fá bílstjóra áður en að hann fékk að halda leiðar sinnar.



Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límimiðar



Bréfpokar

Kvistfell ehf. leitar að vönum starfsmönnum eða undirverktökum í smíðavinnu í vetur.

Kvistfell@simnet.is



Símar: 854 4628 / 894 4628 / 482 2575

Laxveiðiá til leigu

Kálfá í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er til leigu til næstu 3 ára.

Tværar stangir leyfðar, aðeins er veitt á flugu. Gott veiðihús fylgir.

Nánari upplýsingar

eru veittar í síma 898 9107.

Tilboðum skal skila fyrir 4. desember 2020 til formanns Veiðifélags Kálfár; c/o Kristinn Marvinsson, Kjarrmóa 13, 800 Selfoss.

Netfang: efnalaug@efnalaug.is.

Áskilinn er réttur til að taka eða hafna hvaða tilboði sem er.



Fæ stundum æði fyrir ákveðnum tegundum bóka

segir lestrarhesturinn Heiðrún Erna Hlökkversdóttir

Heiðrún Erna Hlökkversdóttir er fædd og uppalin á Selfossi. Hún mun ávallt vera foreldrum sínum þakklát fyrir að hafa valið Selfoss til búsetu því þar finnst henni gott að vera. Heiðrún bjó í Danmörku á árunum 2008 – 2012. Þar kynntist hún eiginmanni sínum, Pelle Damby Carøe og saman eiga þau þrjú börn. Heiðrún elskar ís og allskyns útiveru í öllum veðrum.

Hvaða bók ertu að lesa?

Ég er núna að lesa bók sem heitir *Skelfing* og er hluti af bókaseríu sem nefnist *Ríki ljóssins*. Höfundur er hin norsksænska Margit Sandemo en hún er líklega þekktust fyrir skrif sín um *Ísfólkið*. Ég, og margar aðrar húsmæður landsins, er búin með allar bækurnar um *Ísfólkið* og þá lá beinast við að lesa bókaseríuna um *Galdrameistarann* sem Sandemo er einnig höfundur að, og svo núna er það *Ríki ljóssins*. Fyrir þá sem ekki vita, þá blanda nokkrar aðalpersónur *Ísfólksins* sér smá inn í þessar tvær seinni bókaseríur. Mjög hagnýtar upplýsingar að mínu mati!

En hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Mér finnst gott að lesa bækur þar sem ég þarf ekki að hugsa, heldur



Heiðrún Erna Hlökkversdóttir

næ að slökkva á heilanum og gefa mig á vald frásagnarinnar. Fyrir utan hreyfingu og útiveru, finnst mér einmitt fátt meira streitulosandi. Þá kann ég vel að meta þegar rithöfundar lýsa persónum og umhverfinu það vel að maður nær að sjá allt svo skýrt fyrir sér. Í gegnum tíðina hef ég lesið allskonar bækur, en ég tek oft tímabil þar sem ég fæ æði fyrir ákveðnum tegundum af bókum. Oft eru þetta ævintýrabækur, sakamálasögur og átakanlegar lífsreynslusögur (*Hann var kallaður þetta, Eyðimerkurblómið o.s.frv.*) Núna er ég sem sagt á hinu langa Margit Sandemo tímabili.

Ertu alin upp við lestur?

Frá því ég man eftir mér hefur bókasafnið verið hluti af lífi mínu og get ég þakkað móður minni það. Hún las sjálf mikið þegar ég var barn og hafði ég því góða lestrarfyrirmynd á heimilinu. Þabbi minn las hinsvegar fyrir mig á kvöldin, alltaf 366 *Mömmusögur*, en það er bók með stuttum sögum eða vísum fyrir hvern dag ársins (ég er nokkuð viss um að þabbi hafi að öðru leyti aðeins lesið fréttir á sinni lífsleið sér til yndisauka). Fljótt öðlaðist ég þó það góða lesfærni að ég fór að lesa flestöll kvöld sjálf fyrir svefninn og einnig oft í frítíma mínum. Þá las ég mikið sakamálasagnir fyrir ungmenni svo sem Nancy bækurnar og ævintýri eftir Enid Blyton. Einnig lá ég yfir minna gáfulegum bókum um Bert, Evu og Adam og svo mætti lengi telja. Ég datt svo auðvitað líka inn í Harry Potter ævintýrið þegar það byrjaði.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég myndi segja að ég sé lestrarhestur með hléum. Lespásurnar eru þó yfirleitt ekki mjög langar í einu og ekkert sérstakt sem veldur þeim. Ég les alltaf bara eina bók í einu og sjaldnast les ég sömu bókina oft en einu sinni. Mér finnst

gott að lesa fyrir svefninn og leggja bókina frá mér á náttborðið rétt áður en augun lokast alveg. Þegar bók gleypir mig alveg, vil ég helst sitja með hana öllum stundum þangað til ég klára hana. Börnin mín trufla þá framkvæmd reyndar eftir að þau (blessunarlega) komu í heiminn.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Í raun á ég mér engan uppáhalds höfund. Líkt og ég hef áður nefnt fæ ég stundum æði fyrir ákveðnum tegundum bóka. Oft eru það bækur eftir sama höfund sem ég fell þá kylliflöt fyrir á því tímabili. En svo grípur einhver annar höfundur mig og þá á hann alla mína athygli. Kannski er ég bara svona áhrifagjörn? Tækfærissinni? Jafnvel góð í núvitund? Núvitund, segjum það bara.

Hefur bók rænt þig svefni?

Bækur hafa mjög oft rænt mig svefni enda nenni ég bara að lesa bækur sem mér finnast skemmtilegar og á því oft erfitt með að leggja þær frá mér. Mér datt samt fyrst í hug bækurnar um Harry Potter en þær urðu alltaf lengri og vígalegrar eftir því sem fleiri komu út. Þá þótti mjög töff að lesa þær á sem skemmstum tíma og þar lét ég mitt svo sannarlega ekki eftir liggja. Helst mátti ég ekki vera mikið lengur en einn til tvo sólarhringa með hverja bók og því styttest svefntíminn samkvæmt því.

En að lokum Heiðrún, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ég myndi skrifa barnabækur sem myndu innihalda falleg orð og fullt af litríkum myndum. Ég tel mig ekki ennþá fullorðna og þætti því erfitt að skrifa bækur sem ættu að höfða til fullorðinna.

Lestrarhestur númer 104.
Umsjón: Jón Ózúr Snorrason.

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Við leitum að húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasöm sendi upplýsingar á vr@vr.is fyrir **15. desember 2020**. Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

Öllum tilboðum verður svarað.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand eignar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnpláss og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

Jöfnunarsjóður varinn með sértækum aðgerðum ríkisstjórnar

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn í dag en vegna aðstæðna í samfélaginu var hann í fyrsta skipti haldinn rafrænt. Samhliða fundinum var ársskýrsla sjóðsins fyrir rekstrarárið 2019 gefin út. Heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu tæpum 49,8 milljörðum króna árið 2019.

Framlög Jöfnunarsjóðs skiptast í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla og jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðra. Framlög vegna málefna fatlaðra námu tæplega 18,8 milljörðum á árinu en næst á eftir komu jöfnunarframlög vegna grunnskóla sem námu tæplega 12,6 milljörðum.

Í ávarpi sínu kvaðst Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skilja áhyggjur sveitarstjórnarfólks af fjárhag sveitarfélaga. Ráðherra sagði að ríkisstjórnin muni standa að baki sveitarfélögum eins og frekast væri unnt svo starfsemi þeirra raskist ekki um of á komandi mánuðum og misserum. Þessi afstaða hafi komið skýrt fram í yfirlýsingu í tengslum við undirritun á samningi milli ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál. Beinn stuðningur samkvæmt yfirlýsingunni nemi um 3,3 milljörðum, en til viðbótar væri heimilt að nýta 1,5 milljarða úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs til almennt framlag sjóðsins.

„Ríkisstjórnin lítur á þennan stuðning sem mikilvægt skref í þeirri vegferð að styðja við bakið á sveitarfélögunum. Við eigum sjálfsagt eftir að bæta ýmsu við en mikilvægt er að allar slíkar ákvarðanir byggi á yfirvegun og góðri greiningu,“ sagði ráðherra. Hann sagði þó ekki unnt að fara í almennar aðgerðir sem dreifa peningum úr ríkissjóði til sveitarfélaga án tillits til getu þeirra til að standa sjálf undir sínum lögbundnu skyldum. Það væri óábyrgt eins og staðan væri núna hjá ríkissjóði.

Jöfnunarsjóðurinn varinn

Sigurður Ingi sagði að með sértækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna fjárhagslegrar stöðu

sveitarfélaganna hafi tekist að verja stöðu Jöfnunarsjóðs á þessu ári.

Ráðherra vakti athygli á því að almennt væru útsvar og fasteignaskattar að aukast að nafnvirði á milli 2019 og 2020. Útsvarið hafi til að mynda hækkað sem gæfi til kynna að umfangsmiklar aðgerðir ríkisins væru að skila miklum ávinningi fyrir sveitarfélögin.

Sigurður Ingi hvatti sveitarfélög eindregið til að halda fjárfestingaráformum til streitu til að tryggja að hjól atvinnulífsins snúist í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar um að hvetja til fjárfestinga hins opinbera. „Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar ber með sér eina mestu fjárfestingaráætlun sem sögur fara af, t.d. á sviði samgangna. Við þekkjum líka metnaðarfulla áætlun um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu en þar verður 120 milljörðum varið til þessa verkefnis á næstu árum, í góðu samstarfi ríkis og sveitarfélaga,“ sagði ráðherra.

Sigurður Ingi kynnti þá hugmynd að ríki og sveitarfélög gætu tekið höndum saman um tiltekin fjárfestingarverkefni sem væru arðbær og skiluðu samfélaginu augljósum ávinningi til langs tíma. „Það gæti t.d. verið stóratök í uppbyggingu hjúkrunarheimila, uppbygging leik- og grunnskóla, enn frekari aukning í uppbyggingu hagkvæms íbúðarhúsnæðis t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu og til arðbærra umhverfisverkefna,“ sagði ráðherra.

Rætt um áhrif Covid-19

Á fundinum gerði Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fjárhagsstöðu hans. Þá fjallaði Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar um áhrif Covid-19 á sveitarfélögin og helstu áskoranir þeirra vegna faraldursins. Þá flutti Gunnar Haraldsson, formaður samráðshóps um fjármál sveitarfélaga fyrirlestur um greiningu á fjármálum sveitarfélaga í kjölfar Covid-19.

Landfylling við Ölfusá í nýju aðalskipulagi Árborgar

Kjartan Björnsson


bæjarfulltrúi D lista



Nokkur umræða hefur verið um landfyllingu við Ölfusá fyrir neðan Starmóa í Móahverfinu á Selfossi. Kannski vill það gerast að skipulög sem þessi sem vinna þarf með reglubundnum hætti í sveitarfélögum eftir lögum og reglum renni stundum framhjá fólki og öllum bregði svo við þegar skipulagið er orðið staðreynd og engu hægt að breyta. Sandvíkin sem hér um ræðir er mér vel kunn þar sem ég hef búið í og við þetta hverfi sem þessar breytingar snerta. Hver nákvæmur tilgangur er með þessum tillögum að breytingum er, er ég ekki viss um. Kynningarferill á aðalskipulagi Árborgar fyrir árin

2020-2036 er nú í kynningar- og athugasemdarferli og því mikilvægt að íbúar kynni sér tillögurnar vel. Kynning fór fram á netinu fyrir tveimur vikum og því miður voru ekki margir að fylgjast með og í ofanálag voru einhver tæknivandræði og hljóðið í ólagi hjá einhverjum sem fylgjast vildu með. Einnig eru tillögurnar kynntar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar. Tími til athugasemda var til 20. nóvember (sem ég vona að sé ekki alveg heilög dagsetning) og reikna ég með að fjölmargir hafi gert athugasemdir eða komið með ábendingar. Hvað viðvíkur þessari náttúrulegu sandvík við okkar fögru Ölfusá er ljóst að

þar er mikið og fjölskrúðugt fuglalíf á sumrin og efalaust varp einhverra fugla fyrir utan ómælda fegurð að mínu mati. Fjölmargir íbúar í grenndinni hafa sett sig í samband við mig undanfarið og bent á það að það leggist gegn þessari uppfyllingu og hygg ég að tekið verði mið af þessum athugasemdum. Íbúar hafa einnig möguleika á að gera athugasemdir beint á netfangið skipulag@arborg.is. Mér finnst þó einboðið miðað við viðbrögð að tekið verði tillit til þessa vilja gríðarlega mörgu íbúa, ég er í það minnsta sammála þeim um að þarna verði ekki gerð landfylling. Mér finnst þó skorta mjög sterk rök fyrir því að sú leið verði valin ef hana á að fara.



Hótel Selfoss í aðdraganda jóla



Riverside restaurant á Hótel Selfossi býður upp á fjölbreyttan matseðil fram til jóla

Opið er frá 17-21 alla daga

Hægt er að panta af matseðli og sækja.

Pantanir af jólaseðli þurfa að berast með minnst dags fyrirvara á info@hotelfselfoss.is

10% afsláttur ef sótt er.

Ekki er boðið upp á heimsendingu

Hádeggi

Opið er fyrir hópapantanir í hádeginu alla daga ef pantað er fyrir 10 eða fleiri og sótt.

Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara.

Veitingasalur lokaður, eingöngu opið til að sækja veitingar 10% afsláttur

Hótel Selfoss & Riverside restaurant taka á móti ferðagjöfni



Tilboð í gistingu

Jólasemillur: Gisting með morgunverði, fimm rétta jólaseðli og aðgangi að Riverside spa.

Verð 37.000 í tveggja manna herbergi,

24.000 í einstaklingsherbergi

Gildir um helgar (föstudaga og laugardaga)

Sértilboð virka daga

Jólasemillur: Gisting með morgunverði, fimm rétta jólaseðli og aðgangi að Riverside spa.

Verð 30.000 í tveggja manna herbergi,

21.000 í einstaklingsherbergi

Gildir sunnudaga til fimmtudaga



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Opnað fyrir styrki til fjölskyldna fyrir íþróttar- og tómstundastarf barna

UMF. SELFLOSS Félagsmálaráðuneytið hefur opnað fyrir umsóknir á íþróttar- og tómstundastyrkjum fyrir börn sem koma frá tekjulágum heimilum þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþróttar- og frístundastarfi.

Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er að halda sem flestum börnum virkum í íþróttar- og frístundastarfi og tryggja jafnt aðgengi barna og unglinga að slíku starfi. Lögð hefur verið áhersla á að ná til sem flestra forráðamanna og hefur því verið komið af stað kynningarátaki á fjölda tungumála um íþróttar- og frístundastyrkina.



Ásmundur Einar Daðason barna- og félagsmálaráðgjafi á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði sumarið 2019. Ljósmynd: UMFÍ,

Nánnar er fjallað um styrkina í frétt á vef Sveitarfélagsins Árborgar www.arborg.is og hægt

er að skoða kynningarmyndbönd á YouTube-rás Félagsmálaráðuneytisins.

Fyrsta mót Egils í rúmt ár

JÚDÓ Egill Blöndal féll úr leik í fyrstu umferð á Evrópumótinu í júdó sem fór fram í Prag í Tékklandi um helgina. Þetta var fyrsta mót Egils, sem keppir í -90 kg flokki, eftir meira en eitt ár frá keppni og eftir tvær erfiðar aðgerðir.

Egill tapaði fyrir afar sterkum keppanda frá Georgíu, Beka Gvinasvhili, sem er í tíunda sæti heimslistans í þyngdarflokknum en Egill er í 123. sæti á listanum. Egill stóð vel í mótherja sínum og varði glíma þeirra í tæpar þrjár mínútur. Það fór svo að lokum að Gvinasvhili náði í bronsverðlaun á mótinu sem sýnir vel hversu sterkur andstæðingurinn var.

Auk Egils var Sveinbjörn Iura fulltrúi Íslands á EM. Sveinbjörn sem keppir í -81 kg flokki sat hjá í fyrstu umferð og lá fyrir Rúmenanum Marcel Cercea í annarri umferð.



Egill (t.h.) og Sveinbjörn að lokinni æfingu fyrir mótið í Prag. Ljósmynd: JSÍ.

Átta Selfyssingar í landsliðshóp



Elvar Örn, Teitur Örn og Ómar Ingi eru allir í hópnum en Haukur er að jafna sig af meiðslum. Ljósmynd: Umf. Selfoss.

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hefur valið þá 35 leikmenn sem koma til greina á HM í Egyptalandi í janúar. Reikna má með að 22-24 leikmenn verði í æfingahópi sem kemur saman í

janúar en að lokum verða það tuttugu leikmenn sem fara til Egyptalands.

Í hópnum eru tveir leikmenn Selfoss, þeir Atli Ævar Ingólfsson og Guðmundur Hólmar Helgason. Auk þeirra

eru sex Selfyssingar í hópnum þ.e. Bjarki Már Elísson, Elvar Örn Jónsson, Guðmundur Árni Ólafsson, Janus Daði Smásson, Ómar Ingi Magnússon og Teitur Örn Einarsson.



Arnór Bjarki Eyþórsson í leik með Selfossi körfu. Mynd: Selfoss karfa/BRV

Arnór Bjarki til Toledo University

KÖRFUBOLTI Arnór Bjarki Eyþórsson hefur samið við Toledo University í Ohio og mun hefja þar nám og spila körfubolta á næsta skólaári, 2021-22. Skólaárið, Toledo Rockets, leikur í 1. deild NCAA, háskólaboltanum í Bandaríkjunum.

Tod Kowalczyk, aðalþjálfari Rockets, segir í frétt á síðu skólaliðsins um Arnór Bjarka að hann sé áhugavert efni sem hann sé spenntur að fá til liðsins. Hann sé hávaxinn og skjóti boltanum vel af þriggja stiga færi, en tekur fram að auðvitað þurfi hann sinn tíma til að aðlagast bandarískum leikstíl.

Selfoss-Karfa er gríðarlega stolt af „sínunum manni“, sem

kemur úr yngri flokkastarfi félagsins, og hefur tekið miklum framförum síðustu tvö árin undir stjórn Chris Caird sem hefur líka hjálpað honum að komast í samband við þjálfara þar vestra. Arnór hefur sannarlega unnið fyrir þessu tækifæri undanfarin ár með dugnaði og staðfestu við æfingar, auk þess að þjálfa yngstu aldurshópina hjá félaginu. Hann er því ómetanleg fyrirmynd fyrir körfuboltakrakka sem stefna hátt og hafa það beinlínis fyrir augum sér dagsdaglega að leiðin frá Selfossi og út í heim er hvorki ófær né óendanlega löng. Til hamingju Arnór Bjarki!

-gp

Magdalena framlengir við Selfoss

KNATTSPYRNA Magdalena Anna Reimus skrifaði um helgina undir nýjan, tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Magdalena, sem er 25 ára, kom til Selfoss frá uppeldisfélagi sínu, Hetti á Egilsstöðum, fyrir tímabilið 2015 og hefur síðan leikið 119 leiki fyrir Selfoss í deild og bikar og skorað í þeim 30 mörk.

Kvinnalið Selfoss var í þriðja sæti Pepsi Max deildarinnar og komið í undanúrslit bikarkeppninnar þegar mót sumarsins voru blásin af.

„Það eru frábærar fréttir fyrir Selfoss að Magda hafi framlengt samninginn sinn. Hún er einn af máttarstólpum liðsins og hefur reynst okkur ótrúlega vel



Magda á nýja gervigrasinu á Selfossi. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Guðmundur Karl.

síðustu ár,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari kvinnaliðs Selfoss. „Hún getur spilað nánast allar stöður og það er gríðarlega sterkt fyrir okkur að hafa hana áfram í okkar liði.“

Halldór Jóhann tekur við Barein

HANDBOLTI Halldór Jóhann Sigfússon, þjálfari karlaliðs Selfoss í handbolta, mun taka tímabundið við liði Barein og stýra liðinu fram yfir HM sem fram fer í Egyptalandi í janúar. Barein er í riðli með heims- og ólympíumeisturum Dana, Argentínu og Kongó.

Halldór mun þó áfram stýra liði Selfoss með góðum stuðningi frá þremmenningunum Erni Þrastarsyni, Rúnari Hjálmarsyni og Jóni Birgi Guðmundsyni í þjálfarateymi Selfoss.

Samningur Halldórs við Barein er tímabundinn og rennur út eftir að HM lýkur.

„Þeir höfðu samband á mánudag og spurðu hvort ég gæti tekið að mér þetta verkefni. Mér líst mjög vel á verkefnið, verður erfitt en skemmtilegt. Ég mun koma reynslunni ríkari til baka.“ segir Halldór Jóhann.



Jólaljósín fyrr á ferðinni en venjulega


Jólaljósín eru víða komin upp og lýsa upp skammdegið. Í Árborg var sérstaklega hvatt til þess að fólk skreytti hús sín fyrr en venjulega. Þá hefur sveitar-

félagið sett upp skreytingar sínar fyrr en hefð er fyrir. Í samtali við sölufólk í Húsasmiðjunni á Selfossi kemur fram að sala í jólaljósum sé mun meiri en

í fyrra og mun fyrr á ferðinni. Blaðamaður Dagskrárinnar fór á stúfana eitt kvöldið og smellti af nokkrum myndum af vel skreyttum húsum á Selfossi.



Ný brú á Hverfisfljót í Skaftárhreppi



Vegagerðin kynnir hér fyrirhugaðar framkvæmdir við nýja brú á Hringvegi (vegnum 1-a3) um Hverfisfljót í Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Í tengslum við byggingu nýrrar brúar þarf að endurbyggja Hringveginn á kafla.

Fyrirhugað er að byggja nýja 74 m langa og tvíbreiða brú yfir Hverfisfljót á Hringvegi, vegnum 1, við hlið núverandi brúar, eða 20 m neðan hennar, auk vega sem tengja nýja brú núverandi vegakerfi. Nýr vegur og brú verða samtals um 2,2 km löng, þar af verður 1,1 km nýlögð og 1,1 km endurbygging núverandi vegar (sjá teikningar 1-4). Einnig verður byggður nýr áningarstaður við Hverfisfljót í stað núverandi áningarstaðar sem hverfur undir nýjan veg. Á þessum stað er fallett útsýni í átt að Lómagnúp og Örfæjökli og því er nauðsynlegt að byggja nýjan, öruggan og stærri áningarstað.

Framkvæmdin er ekki matskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum, en kanna þarf matsskyldu hennar, skv. 6. gr. sömu laga, 1. viðauka, lið 10.09.

Framkvæmdum verður

hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra á umhverfið verði sem

minnst. Samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila og sveitarfélag við undirbúning framkvæmdarinnar. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Vegagerðin hefur sent kynningarskýrsluna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar hafa frest til 25. nóvember til að skila umsögn til Skipulagsstofnunar.



Veistu hvað barnið þitt getur gert í símanum?

Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um hvað sé hægt að gera í sínum í dag og tali við börnin sín um örugga notkun þessara tækja. Rafrænt einelti fer oft fram í gegnum síma.

www.heimiliogskoli.is

Forvarnahópur Árborgar



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Örsögur úr safneign

Frá Þingvöllum, Öxarárfoss, málað 1940, eftir **Ásgrím Jónsson** (1876-1958). Ásgrímur fæddist 4. mars í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa. Hann nam myndlist við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn.

Verkið er hluti stofngjafar Bjarnveigar Bjarnadóttur og sona hennar Bjarna Markúsar og Loftis Jóhannessona. Sjá má fleiri verk á vefsíðunni: listasafnarnesinga.is Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

LISTASAFN
ARNESINGA

Frá kirkjugarðinum á Selfossi

Laugardaginn 28. og sunnudaginn 29. nóvember nk. verða jóla ljósín kveikt í kirkjugarðinum.

Árvirkjamenn verða til aðstoðar milli kl. 10:00 og 16:00 laugardaginn 28. nóv. og 12:00 og 16:00 sunnudaginn 29. nóv.

Orkugjald er 4.500 kr. á leiði.

Hægt er að greiða á staðnum eða í verslun Árvirkjans.





Innritun í kvöldskóla FSu

Innritun stendur yfir í kvöldskóla FSu til 30. nóvember. Þar verður boðið upp á nám á fyrstu önn í **rafvirkjun**, **húsmíði** og **tækniteiknun** ef næg þátttaka fæst. Umsækjendur sem eru á skrá hjá Vinnuálastofnun ganga fyrir í námið. Aðstaða til náms í þessum greinum er eins og best verður á kosið í Hamri – verknámshúsi FSu.

Kennt verður frá kl. 16:20 – 19:30 mánudag – fimmtudags og síðan á laugardögum frá 9:00 13:00 í tveimur 8 vikna lotum.

Umsækjendur sem eru á skrá hjá VMST hafi samband við skrifstofu þeirra varðandi umsóknarferlið <https://vinnuastofnun.is/um-okkur/thjonustuskrifstofur/sudurland>.

Sótt er um á forsiðu www.fsu.is (Sækja um í kvöldskóla).



Skólameistari

Jólagjöf undir jólatréð á Bókasafni Árborgar

Sjóðurinn góði úthlutar styrkjum fyrir jólin til einstaklinga og fjölskyldna sem eiga í fjárhagserfiðleikum.

Eins og undanfarin ár mun Kvenfélag Selfoss í samvinnu við Bókasafn Árborgar á Selfossi taka á móti jólagjöfum sem úthlutað verður til barna styrkþega Sjóðsins góða. Jólatréð verður í bókasafninu frá 1. desember.

Vegna umhverfissjónarmiða eru endurunir heimasamaðir jólapokar fyrir jólagjafirnar fyrir þá sem þess óska, og munu þeir liggja frammi á bókasafninu, gegn vægu gjaldi, kr. 200. Gefendur eru hvattir til að nýta þessa poka. Pokarnir eru eingöngu ætlaðir fyrir Sjóðinn góða. Merkipjöld verða á staðnum og merkja þarf gjafirnar með kyni og aldri eftir því sem við á.

Síðasti skiladagur jólagjafa á bókasafnið er 14. desember.

Bókasafn Árborgar og
Kvenfélag Selfoss.



Bókaupplestur, jólaævintýri, gráglettin jól, jólalög og jólasýning Hússins



Það verður nóg um að vera á adventunni hjá Byggðasafni Árnesinga. Í Húsinu verða skáld, jólaævintýri, ljúfir jólatónar og gömlu jólin.

Skáldastund í streymi. Sunnudaginn 29. nóvember, klukkan 16:00, lesa rithöfundar úr nýttkomnum verkum sínum í Húsinu á Eyrbakka. Þeir höfundar sem heimsækja Húsið í ár verða þau Vilborg Davíðsdóttir, Pjetur Hafstein Lárússon, Guðjón Friðriksson, Eyrún Ingadóttir, Guðmundur Brynjólfsson og Guðrún Guðlaugsdóttir.

Ævintýrið um Augastein. Þriðjudaginn 1. desember, klukkan 10:00, kemur Felix Bergsson og rifjar upp jólasögu sína „Ævintýrið um Augastein“. Viðburðinum verður streymt og eru nemendur í leik- og grunnskólum hvattir til að fylgjast með. Alla adventuna birtir safnið einn upplestur á dag á heimasíðu safnsins en jólasagan er í formi jóladagatala sem gaman er að sameinast um að fylgjast með á adventunni.

Gömul og gráglettin jól. Sunnudaginn 6. desember, klukkan 14:00, stjórna Eva María Jónsdóttir fjölskyldustund fyrir unga og alna í Húsinu þar sem í forgrunni verða hin gráglettin jól og þræðir úr jóluum fortíðar.

Sönghópurinn Lóurnar kemur og syngur undurfögur jólalög sunnudaginn 13. desember klukkan 14:00.

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga verður opin frá 14:00–17:00 þann 29. nóv. og helgarnar 5.-6. des. og 12.-13. des. Aðgangur ókeypis. Í safnbúð verða kærleikskúla og jólaórói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til sölu og rennur allur ágóði sölunnar til starfs í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

Öllum viðburðum verður streymt á Facebooksíðu Byggðasafns Árnesinga og heimasíðu safnsins.

Nánar á www.byggdasafn.is

Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkir jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga.



Máttur kvenna

Löng hefð er fyrir símenntun hjá Háskólanum á Bifröst. Eitt vinsælasta námskeiðið undanfarin ár ber yfirskriftina **Máttur kvenna**. Um er að ræða ellefu vikna nám fyrir konur sem vilja öðlast þekkingu og færni í rekstri fyrirtækja og fer námið að stórum hluta fram gegnum netið. Námskeiðin sem kennd verða í fjarnámi eru upplýsingatækni, bókhald, fjármál, markaðs- og sölutækni og stofnun fyrirtækja og rekstrarform. Ekki eru gerðar sérstakar forkröfur til þeirra sem taka námskeiðið. Næsta námskeið hefst þann 25. janúar en því lýkur í byrjun maí.

Kennsla fer fram á vinnuhelgum og í fjarnámi og geta nemendur hlustað á fyrirlestra á netinu og unnið verkefni hvenær sem þeim hentar. Fyrirlestrar eru fjórir í hverju námskeiði en að auki eru kennslustundir á vinnuhelgum þar sem lögð verður áhersla á hópavinnu nemenda. Vinnuhelgar eru í upphafi og um miðbik námsins en náminu lýkur með formlegri útskrift.

Verkefnastjóri námsins er Sirrý Arnardóttir sem er að góðu kunn fyrir kennslu sína á Bifröst, fjölmiðlastörf og bækur sínar. Máttur kvenna er nú skipulagt með nýju sniði. Nýnæmið í náminu „Máttur kvenna – rekstur fyrirtækja“ felst fyrst og fremst í því að nú verður enn meiri áhersla lögð á hagnýtingu námsins, auk þess sem vinsæl námskeið eins og framsækni og örugg tjáning með Sirrý fá aukið vægi en kennslan hjá Sirrý fer fram á vinnuhelgunum. Aðspurð segist Sirrý vera „full tilhlökkunar að hitta konur á ólíkum aldri víðs vegar af landinu á vinnuhelgum á Bifröst. Margar konur hafa myndað sterk félagslegt tengslanet á námskeiðinu, sumar þeirra eru þegar með eigin fyrirtækjarekstur þegar þær hefja námið á meðan aðrar luma á góðum viðskiptahugmyndum. Hápunktur námskeiðsins er þó ætíð samveran á Bifröst enda náttúran á staðnum einstök. Hún nær á sinn magnaða hátt að umfaðma alla og haustlitirnir í hrauninu svíkja engan“.



RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Við stöndum við forsöluverðin til áramóta þrátt fyrir gengisveikingu.*
Frumsýning í nóvember. Ópið sunnudaga 12-16. Miðvikudag og fimmtudag til 20**



4xe

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.*

Verður 6.192.000 kr. eftir áramót miðað við gengi í dag og hækkun VSK 1. jan.



4xe

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.*

Verður 6.723.000 kr. eftir áramót miðað við gengi í dag og hækkun VSK 1. jan.

**Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.**

**Vegna samkomutakmarkana er lengri opnunartími til 20:00 miðvikudaga og fimmtudaga og 12-16 laugardaga og sunnudaga.
Hægt er að panta reynsluakstur utan opnunartíma á reynsluakstur@isband.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.



S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR



Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástíllingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

TIL LEIGU

Íbúðir til leigu

Erum með tvær fallegar íbúðir til
leigu á Selfossi önnur er ca. 60
fm stuðióíbúð og hin 65 fm íbúð
með einu svefnherbergi.
Áhugasamir vinsamlegast sendið
póst á kristin@riverapart-
ments.is eða hringið í síma 894
2341.

Samkomubannssleikarnir 2020 hjá unglingadeildinni Ými

Þjörgunarsveitin Dagrenning
heldur úti öflugum unglinga-
starfi og er unglingadeildin Ýmir
mjög virk. Í ljósi þeirra aðstæðna
sem uppi eru í þjóðfélaginu var
þjörgunarsveitarhúsinu lokað
og starfsemi unglingadeildar-
innar hætt um óákveðinn tíma.
Þau Snædís Sól Böðvarsdóttir,
Karítas Björg Tryggvadóttir og
Bjarki Hafberg Björgvinsson,
sem hafa haft umsjón með ung-
lingadeildinni, fundu svo til með
þessum duglegu krökkum að
þau útbjuggu hina stórskemmti-
legu Samkomubannssleika 2020.

Leikurinn var í ratleikja-
formi og byggður þannig upp
að krakkarnir söfnuðu stigum
í 4 vikur. Þátttakendur fengu
stig fyrir að fara í fjallgöngur,
göngur, leiðangra, hellaleit og
annað skemmtilegt. Þau þurftu
að sækja ákveðið forrit til að
mæla vegalengd, hæð og tíma.
Til að virkja fleiri með voru



bónusstig veitt fyrir alla þá vini
og fjölskyldumeðlimi sem komu
með og líka fyrir skemmtilega
og frumlega mynd. Þau þurftu
aðeins að hafa fyrir því að safna
stigum með því að taka mynd,
skrú niður þá leið sem farin var,
pæla aðeins í stað og stund og
njóta útiverunnar. Þau Snædís,
Karítas og Bjarki voru virkilega
ánægð með það hversu duglegir

krakkarnir voru að safna stigum
og gaman að sjá hvað þau náðu
að draga vini og fjölskyldu með
í ævintýri.

Verðlaun voru fyrir þrjú efstu
sætin og Gangleri Outfitters og
Nova fá kærar þakkir fyrir vinn-
ingana.

Meðfylgjandi mynd er tekin í
Reynisfjöru.

Uppbygging í Ölfusi

Ný áform um auðlindanýtingu gæti orðið undirstaða fyrir útflutningi á 0.5 til 1 milljón tonna

Þann 9. nóvember sl. undirrit-
uðu Sveitarfélagið Ölfus og
Hornsteinn hf. móðurfyrirtæki
BM Vallár, Björgunar og Sem-
entsverksmiðjunnar viljayfir-
lýsingu sem felur í sér uppbygg-
ingu á umfangsmikilli starfsemi
Hornsteins í Þorlákshöfn.

Um er að ræða útflutnings-
verkefni tengd auðlindanýtingu
jarðefna. Ef af því verður getur
það orðið undirstaða útflutnings
á 0,5 til 1 milljón tonnum af
unnu efni. Slík umsvif myndu
skapa tugi starfa í sveitarfélag-
inu auk umsvifa við höfnina.
Framleiðsla gæti hafist strax á
næsta ári en áætlað er að niður-
staða um umfang framleiðslu
liggi fyrir um mitt næsta ár.
Samhliða þessu hefur Hornsteinn
hug á að kanna möguleika á
frekari starfsemi í sveitarfélag-
inu í takt við þá framleiðslu-
starfsemi sem félagið starfrækir
fyrir innanlandsmarkað.

Markvisst unnið að kortlagningu tækifæra í Ölfusi

„Efnahagsleg áhrif COVID 19
hefur lagt ríka ábyrgð á okkur

KIRKJUR

Hrepphóla Kirkja

Laugardagurinn 28. nóvember
kl. 15. Helgistund í tengslum við
ljóstendrun á leiðum í kirkju-
garði.

Hrunakirkja

Laugardagurinn 28. nóvember
kl. 14. Helgistund í tengslum við
ljóstendrun á leiðum í kirkju-
garði. Aðventustund frá
Hrunakirkju má nálgast á fés-
bókarsíðu Hrunaprestakalls á
fyrsta sunnudegi í aðventu, 29.
nóvember.



hjá hinu opinbera í því er lýtur
að nýrri verðmætasköpun. Nú
þegar atvinnuleysi er í sögulegu
hámarki er ljóst að við verðum
fyrst og fremst að framleiða okkur
út úr kreppunni. Þetta verkefni
er sannarlega skref í þá átt.

Við hjá Sveitarfélaginu Ölf-
usi höfum markvisst verið að
vinna að kortlagningu tækifæra
og þá ekki síst þeirra sem snúa
að auðlindanýtingu og vexti
hafnarinnar. Sú sókn hefur að
stórum hluta verið leidd af þekk-
ingarsetrinu „Ölfus Cluster“. Undir þess hatti koma fyrirtæki
hér í Ölfusi saman að nýtingu
tækifæra, grænum lausnum
og tilurð hringrásarhagkerfis.
Áherslur Hornsteins og dóttur-
fyrirtækja þess falla afar vel að
okkar framtíðarsýn og við fögnu-
um því að fá þá til liðs við okkur.

Við munum í framhaldi af
þessu einhenda okkur í sam-
vinnu við Hornstein um fram-
gang þessa metnaðarfulla
verkefnis. Þar undir fellur m.a.
skipulagsvinna, úttekt á frek-
ari uppbyggingu á forsendum
hringrásarhagkerfis, kort-

lagning heppilegra svæða til
auðlindanýtingar og fl. Það er
sóknarhugur í samfélaginu hér,
segir Elliði Vignisson, bæjar-
stjóri Ölfuss.

Í máli Þorsteins Vígundssonar,
forstjóra Hornsteins ehf. kemur
fram að: „Hornsteinn ehf. og
dótturfélög þess hafa mikla
reynslu af auðlindanýtingu
og uppbyggingu verkefna sem
þessa. Það er samfering okkar
að þá reynslu og þekkingu megi
nú nýta til frekari sóknar í sam-
starfi við Sveitarfélagið Ölfus
og íbúa þess.

Við þekkjum vel til Sveitar-
félagsins Ölfuss og sjáum tæki-
færi til frekari uppbyggingar
þar. Ölfus er að okkar mati eitt
helsta vaxtarsvæði á landinu
með skýra sýn á auðlindanýt-
ingu og innviðaupbyggingu
svo sem hvað varðar stækkun
hafnarinnar. Samstarf innan
þekkingarsetursins „Ölfus Clus-
ter“ auðveldar mjög framgang
þessa verkefnis og við fögnum
samvinnu á þeim forsendum.“

Skemmtilegar hugmyndir að hreyfingu án þess að stíga fæti inn í ræktina

Ræktin og skipulögð hreyfing, liggur niðri. Engar áhyggjur, það eru ótalmargar skemmtilegar leiðir til að viðhalda hreyfingu inn í rútínunni. Hér fyrir neðan sérðu margar hugmyndir sem ég vona að þú getir nýtt þér á þessum skrítnu tímum.



1. Taktu snögga heimaæfingu.

HiitFit æfingar eru frábær leið til þess að halda líkamanum sterkum án þess að fara út úr húsi. Þær eru allar undir 30 mín. og taka því ekki of mikinn tíma frá þér. Fáðu hugmyndir inni á www.hiitfit.is.

2. Nýttu fallegar gönguleiðir í náttúrunni.

Þú getur tekið fjölskylduna með þér í lengri dagsferð en þú getur líka ákveðið að nota fjallshlíðina sem þitt hlaupabretti þegar þú hefur tíma til og við mælum sérstaklega með því að njóta kvöldsólarinnar og kyrrðarinnar í einhverri fjallshlíðinni.

Þá gæti verið sniðugt að ákveða að taka reglulega sömu leiðina, hafa ákveðinn stað sem viðmið, til dæmis einhvern stein, vörðu eða tré, sem þú gengur upp að hverju sinni og tekur tímann. Þannig geturðu fylgst með bætingu á tímanum eins og þú værir að gera ef þú reglulega myndir hlaupa sömu vegalengdina. Þú getur fundið ótal skemmtilegar gönguleiðir út um allt land á síðunni gonguleidir.is.

3. Hreyfum okkur með börnunum

Það þarf ekki alltaf að vera annaðhvort eða. Það að hlaupa í skemmtilegan leik með börnunum okkar og gefa þetta litla extra í orkunni getur náð púlsinum vel upp og virkað sem æfing þess dags. Fyrir utan hvað það gefur litlum manneskjum ótrúlega gleði að fá stóran til að leika með. Finnum barnið innra með okkur og gefum því aðeins lausan tauminn.

Hugmyndir að góðri hreyfingu með krökkunum getur verið:

- Trampólínhopp og skopp

- Boltaleikir – hvaða boltaleikir sem er – svo lengi sem þú hleypur á eftir boltanum og ert ekki bara í marki.
- Hjól – farið í hjólareiðatúr. Ákveðið að einhvern hluta leiðarinnar að hjóla svakalega hratt og ekki stoppa fyrr en á fyrirfram ákveðnum áningastað.
- Útileikir – hvaða útileikir sem er. Mannstu eftir einni krónu og skotbolta? Klassískur eltingarleikur ætti heldur ekki að láta púlsinn ósnertan.

4. Finnum litlu leiðirnar til þess að koma auka hreyfingu inn í daginn.

- Taktu stigann í staðinn fyrir lyftuna.
- Leggðu bílnum viljandi langt frá búðinni og labbaðu.
- Haltu á vörunum þínum í stað þess að nota kerru ef þú getur.
- Stattu upp á klukkutíma fresti eða fáðu þér skrifborð sem þú getur hækkað og staðið við öðru hverju.
- Stílltu vekjaraklukkuna í símanum þínum til þess að minna þig á að standa upp reglulega og ná þér í vatn eða aðeins að teygja úr þér.
- Notaðu heyrnartól og taktu göngufundi og símtöl standandi eða gangandi.
- Minnkaðu sjónvarpsgláp á kvöldin og gerðu frekar teygjur eða hreyfðu þig. Ef þú vilt alls ekki missa af uppáhaldsþættinum geturðu jafnvel teygst aðeins á meðan.

5. Notum skrefamæli eða heilsuúr

Eignastu heilsuúr sem heldur tölu á skrefafjöldanum þínum yfir daginn og settu þér markmið um að ná að minnsta kosti 10.000 skrefum á dag (sem er viðmið WHO) eða að vera ákveðið virk á hverjum degi. Það getur verið ótrúlega hvetjandi að fylgjast með úrinu yfir daginn til þess að átta sig á því hversu virkur maður er á degi hverjum og hef ég heyrt margar sögur um kvöldhreyfingu sem varð að veruleika til þess að uppfylla skrefavóta dagsins.

6. Virkjaðu vinkonurnar þínar í hreyfingu eða eignastu nýjar heilsuvinkonur

Það er alltaf skemmtilegt að tilheyra hópi eða upplifa hvatningu frá umhverfinu. Þessa dagana er lítið um námskeið, en það er alltaf hægt að finna lausnir. Taktu þátt í lifandi samfélagi á netinu þar sem við hreyfum okkur heima eða virkjaðu vinkonur þínar með í heimaæfingar. Besti tíminn til þess að byrja að sinna líkama og heilsu er NÚNA, ekki seinna. Þú átt skilið að líða vel í dag, vera orkumikil og finna fyrir líkamlegri hreyfingu og vellíðan, og það er eitthvað sem þú getur skapað á mjög stuttum tíma.

Settu þér markmið í vetur að halda hreyfingu inni í þínu daglega lífi – það þarf hvorki að vera flókið eða taka mikinn tíma frá öðrum mikilvægum hlutum.

Aðsend grein frá www.hiitfit.is

Fjölbreytt bókaþól

Reisubók Ólafs Egilssonar

Sumarið 1627 hlupu sjóræningar frá Norður-Afríku á land á nokkrum stöðum á Íslandi og höfðu með sér á fjórða hundrað manns sem ætlunin var að selja í þrældóm. Aðfarimar voru skelfilegastar á sunnanverðum Austfjörðum og í Vestmannaeyjum, sem áður voru byggð í blóma en eftir þetta lamaðar í sárnum.

Meðal hertekinna voru séra Ólafur Egilsson að Ofanleiti og kona hans, Ástríður Þorsteinsdóttir, með tveimur barnungum sonum. Sá þriðji fæddist í hafi á leið til Algeirsborgar. Ráðamenn þar afréðu að senda séra Ólaf til Kaupmannahafnar í því skyni að fá konung til að leysa fanga út með fé og var hann allan veturinn á leiðinni. Hann sigldi síðan til Íslands og tók

fljótlega saman lýsingu á ráninu í Eyjum, dvölinni syðra og ferðinni heim, svonefnda Reisubók.



Hún kemur nú út í tveimur gerðum og bendir allt til að séra Ólafur hafi samið þær báðar. Önnur þeirra er gefin út eftir handriti sem ekki hefur verið notað í fyrri útgáfum. Einnig er hér lýsing Kláusar Eyjólfsssonar á ráninu auk fjölda varðveittra bréfa sem sýna aðdrif hinna herteknu og eftirköst ránsins á heimaslóð. Loks fylgir útgáfunni úttekt á kveðskap séra Jóns Þorsteinssonar sem var drepinn í ráninu.

Fyrir hönd Söguseturs 1627 önnuðust útgáfuna Kári Bjarnason forstöðumaður Safnahúss Vestmannaeyja og Már Jónsson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.


Þjóð gegn sjálfsvígum eftir Wilhelm Norðfjörð

Árlega eiga sér stað 30-50 sjálfsvíg á Íslandi og að auki reyna margir að svipta sig lífi. Þetta er ástand sem ekki er hægt að una við. Fækkun sjálfsvíga krefst samstöðu þjóðar og fræðslu um málefnið. Um það fjallar þessi bók.

Sjálfsvígsatferli, sjálfsvígsaðferðum og áhættuþáttum sjálfsvíga eru gerð skil og fjallað um kenningar, rannsóknir og meðferðarleiðir

samtölulegum upplýsingum um sjálfsvíg. Lögð er áhersla á umfjöllun um fyrirbyggjandi aðgerðir og sorgarferli aðstandenda fólks sem hefur svipt sig lífi ásamt leiðum þeirra til að ná jafnvægi á ný.

Þjóð gegn sjálfsvígum er bók sem allir geta lært af: aðstandendur, starfsfólk í skólum, heilbrigðisstarfsfólk, lögregla, prestar, fræðimenn og stjórnmálamenn.



Fræðaskjóða, bókmenntafræði fyrir forvitna eftir Bergljótu Soffíu Kristjánsdóttur

Fræðaskjóða, bókmenntafræði fyrir forvitna, snýst eins og nafnið bendir til um bókmenntafræði.

Í upphafi segir af ýmsum meginatriðum sem gott er að huga að þegar bókmenntir eiga í hlut, en síðan er rætt sérstaklega um ljóð og frásagnir, þar með talin leikrit og frásagnarljóð. Margt hefur breyst í afstöðu til bókmenntafræði síðustu áratugi og leitast er við að gera ýmsu af því skil.

Þá eru tekin ófá dæmi af íslenskum bókmenntum fornum og nýjum og þau höfð sem fjölbreyttust. Fyrir vikið eru þau jafnt sótt í útgefnar bækur sem tekin af mannamunni eða ýmsum vefmiðlum.

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir er íslenskufræðingur sem rannsakað hefur íslenskar bókmenntir um áratugaskeið.



LJÓSMYNDAPRENTUN

PRENTAÐU MINNINGARNAR ÞÍNAR HJÁ OKKUR!

Sendu myndirnar í tölvupósti eða komdu með þær á USB-lykli og við prentum þær fyrir þig!



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss



Hellisskógur - Stóraukning í aðsókn



Fyrir stækkun bílastæðis var gamla stæðið oft yfirfullt.

Á þessu hausti eru 35 ár liðin frá upphafi Hellisskógar. Þann 1. október 1985 var skrifað undir samning á milli Skógræktarfélags Selfoss og Selfossbæjar um afnot af landi sveitarfélagsins í Hellismýri undir skógrækt og gerð útivistarsvæðis. Þá fannst ekkert tré á svæðinu, en samt fékk svæðið fljótlega nafnið Hellisskógur sem lýsir mikilli bjartsýni um góðan árangur. Í upphafi var svæðið 53,8 ha að stærð en árið 1994 var gerður nýr samningur og svæðið stækkað upp í núverandi stærð, 126 ha.

Frá upphafi var það yfirlýst stefna Skógræktarfélagsins að rækta upp fjölbreytilegan og aðlaðandi skóg sem hentaði vel til útivistar. Þrátt fyrir skógleysi fyrstu árin var hafist handa við að bæta aðgengi, leggja vegi og byggja upp göngustígakerfi um svæðið. Sú vinna hefur staðið óslitið síðan samhliða plöntun trjáa.

Stærstur hluti verkefna í skóginum hefur verið unninn af sjálfbodaliðum og félagsmönnum í Skógræktarfélagi Selfoss. Þar hefur stór hópur fólks lagt á sig ómælda vinnu gegnum tíðina. Frá upphafi hefur sveitarfélagið stutt uppbyggingu í Hellisskógi

með fjárframlögum og vinnuframlagi vinnuskóla og áhaldahúss auk atvinnuáttaksverkefna. Skógræktarfélagið metur stuðninginn mikils. Án hans hefði uppbygging þessa frábæra útivistarsvæðis eins og það er í dag aldrei orðið.

Sveitarfélagið hefur tekið smám saman við viðhaldi vegakerfisins. Þetta hefur gerst samhliða aukinni umferð gangandi, hlaupandi, hjólandi eða akandi gesta um svæðið. Nú orðið eru þetta bæði heimamenn í Árborg en einnig fjöldi ferðamanna á leið um landið sem heimsækja Hellisskóg. Félagið hefur annast skipulag og stjórnað verkefnum og uppbyggingu á svæðinu. Stígum er sífellt að fjölga og senn kemur að því að svæðið verður fullgróðursett.

Á þessu ári hefur orðið mikil aukning á umferð í Hellisskóg. Fólk leitar í auknum mæli út í náttúruna og inn í skóginn í leit að útrás fyrir hreyfingu eða afslöppun. Í skóginum er alltaf hægt að finna skjól fyrir veðrum og góður staður til að finna hugarró í því ástandi sem hefur ríkt síðustu mánuði.

Sökum aðsóknar var nauðsynlegt núna í haust að stækka



Í Hellisskógi eru margar gönguleiðir.

bílastæðið innan við aðalinnanganginn í Hellisskóg. Síðustu mánuði hefur gamla bílastæðið verið yfirfullt dag eftir dag.

Starfsmenn áhaldahúss Árborgar unnu að stækkun í síðustu viku og fórst það verk vel úr hendi.

Skógræktarfélagið þakkar kærlega fyrir verkið og býður gesti og gangandi áfram velkomna í Hellisskóg.

Örn Óskarsson og Snorri Sigurfinnsson.

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhalðspjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

YLJASHOP

Netverslun í Árborg
-fatnaður og leikföng

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERNINGAÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

Tæknipjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ **480 8020**

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRAGA AF VINATTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Jiibbiir
Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsóllur
Sími 772 6010



Í Hellisskógi er lögð áhersla á að rækta fjölbreyttan skóg.

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

.25. ára